

**RANNSÓKNIR Í
FÉLAGSVÍSINDUM X
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD**

Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009

Ritstjórar

Gunnar Þór Jóhannesson og

Helga Björnsdóttir

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
2009

© 2009 Höfundar

ISSN 1670-6994

ISBN 978-9979-9956-0-9

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda eða útgefenda. Brot varða lög um höfundarrétt.

Mynd á kápu er eftir Þorvald Skúlason (1906-84). Skissa á pappír. 1957. Stærð 30 x 20 sm. Eign Listasafns Háskóla Íslands. Ljósmynd Kristján Pétur Guðnason.

Umbrot: Sóley Lúðvíksdóttir, Vala Jónsdóttir og Björk Hólm Þorsteinsdóttir.

Prentumsjón: Prentsmiðjan Oddi ehf

Goðsögur Snorra Eddu: Lýsing á raunheimi með aðferðum sjónhverfingarinnar

Gísli Sigurðsson

Goðsögur fornmanna eru heimild um hugmyndir fólks sem horfði á heiminn frá jörðinni og reyndi að skýra hann fyrir sér. Rannsóknir á goðsögum og stjarnvísi annarra þjóða gefa tilefni til að ætla að norrænir menn að fornu hafi, líkt og aðrir jarðarbúar, tjáð hugmyndir sínar um fyrirbæri á himninum með goðsögum af því tagi sem skráðar voru í Gylfaginningu *Snorra Eddu* á 13. öld. Einar Pálsson og Björn Jónsson hafa sett fram tilgátur og kenningar um tengsl goðafræði við stjörnuhimininn en hafa mætt nokkru fálæti meðal flestra fræðimanna enda óhægt um vik að sanna nokkuð af eða á í þeim efnum. Með því að líta til *Djódssagna* Jóns Árnasonar frá 19. öld má þó færa rök fyrir að þeir Einar og Björn hafi verið á réttri leið í skilningi sínum. Í *Djódssögunum* er fyrirbærum á himni lýst með orðfæri goðafræðinnar – sem sannar að tenging himinhvolfsins við goðsögur hefur verið lifandi þekking á þeim tíma. Hafi sú þekking byggst á hefð frá miðöldum og átt við um fleiri atriði goðafræðinnar er ástæða til að ætla að þessi sönnun geti haft viðamiklar afleiðingar fyrir heildarskilning og túlkun á norrænni goðafræði, uppruna hennar og gildi heimildanna.

Ein leið til skilnings á norrænum goðsögum (sem og goðsögum annarra þjóða) er að rýna í heimsmynd sagnanna út frá hugmyndum um veröldina eins og hana ber fyrir augu manna: Jörðin er niðri, umlukin úthafi, en himinninn hvelfist yfir með bústöðum guða og annarra goðmagna og rennur saman við Jörðina í undirheimum jötna og forynja handan við ystu mörk þess sem dauðlegir menn ná til. Nútímafólk veit að þetta er skynvilla og hugsar um heiminn með skýringum vísindanna sem kenna að Jörðin snúist um sjálfa sig og sólina í sólkerfinu. Saga vísindanna rekur hvernig hinar „réttu hugmyndir“ (þ.e. nútímahugmyndir) komu smám saman fram og leystu aðrar, eldri og ófullkomnari af hólmi (sbr. Hoskin, 1997; Þorsteinn Vilhjálmsson, 1986, 1987). Sjaldnar er staldrað við til að varpa upp heildarsýn

á veröldina út frá „vitlausu“ hugmyndunum sem fólk gerði sér þegar það hafði bara sín eigin augu að styðjast við – og munnlegar sögur og kvæði til að afla, tjá og miðla uppsafnaðri þekkingu og reynslu kynslóðanna.

Manneskja sem horfði í kringum sig í Noregi áður en norrænir menn sigldu yfir úthafið, til Bretlandseyja, Færeyja, Íslands, Grænlands og loks til meginlands Norður Ameríku, sá óyfirstíganlegt hafið í vestri uns það rann saman við himininn í fjarska. Í austri voru lönd sem voru byggð æ furðulegri verum eftir því sem lengra dró, í norðri hélt hinn þekkti heimur áfram þar til ís og frost tóku við; í suðri hitnaði sífellt meir og meir í löndum sem voru ekki byggileg öðrum en blámönnum. Hve lengi hélt áfram að hitna vissi enginn fyrir vísit. Þessa veraldlegu heimsmynd fornmannanna, sem þeir hafa byggt upp út frá upplýsingum og reynslu einstaklinga í bland við frásagnir þeirra sem gerðu víðreist um höf og lönd, má hæglega gera sér í hugarlund enn þann dag í dag – vegna þess að nútímafólk á Norðurlöndum þekkir enn nokkuð vel til landafræði á hnettinum í grennd við sína heimaslóð.

Hið sama á ekki við um annan en engu veigaminni hluta heimsmyndar fólks að fornu, sem er upplýstum borgarbörnum að mestu leyti horfinn: Himinhvolfið. Fyrir daga ljósmengunar hvolfdist stjörnuhiminninn yfir mannheima á Jörðu niðri, í senn nærri og órafjarri. Að hluta stöðugur en um leið á dags- og árstíðabundinni hreyfingu í kringum leiðarstjörnuna í norðri sem hvelið snerist um á hverjum degi og á hverju ári, frá Jörðu séð, þannig að við ystu sjónarrönd komu sömu hlutar stjörnuhvellsins ekki alltaf upp á sama tíma á kvöldin. Innan í því sem lítur út eins föst leikmynd himinhvolfsins voru sumar stjörnur á stöðugu en þó mjög hægu reiki nálægt og í kringum þann baug sem sjálf sólin þokaði sér eftir, ár eftir ár, alltaf á sama baugnum en þó ekki alltaf á nákvæmlega sama stað á sama tíma – eins og fyrstu skráningar manna á gangi himintungla leiddu smám saman í ljós. Vorpunkturinn, þar sem sólin er stödd á vorjafndægri, mjakaðist áfram innan þeirra svæða sem nýkviknað tunglið markaði – og sem margir þekkja sem stjörnumerki dýrahingsins: Hús úr húsi og yfir í Fiskana um það leyti sem Jesú Kristur kom í heiminn við upphaf aldar Fiskanna. Nú, tvö þúsund árum síðar, birtir af upphafi nýrrar aldar Vatnsberans – sem sungið er um í söngleiknum *Hárinu*: „This is the dawning of the age of Aquarius“. Á sífelldri ferð á sömu slóðum og Sólin í dýrahringnum var Máninn, stundum falinn og stundum ekki, og ekki þurfti aldalinga skráningu til að átta sig á að hann gekk eftir ákveðnu kerfi: Hann kviknaði að nýju tólf sinnum á ári hverju, alltaf á nýjum stað á sólbaugnum og hlutaði hann þannig niður í tólf svæði sem þokuðust til á hverju ári þar til Máninn hafði lokið einum hring í kerfi sínu á 19 árum og byrjaði aftur á nýrri tunglöld.

Pennan uppsafnaða skilning á gangi himintungla um stjörnuhvelið má kalla arf frá elstu skipulegri þekkingu manna, sem byggðist að hluta til á kerfisbundnum mælingum og skráningu, árum og öldum saman, á því sem blasti við með berum augum á meðan himinninn var enn heillandi og illskiljanlegt fyrirbæri sem guðirnir höfðu sett yfir böllóttu Jörðina. Kerfið leyndi sér ekki og það hefur þótt svo mikils vert að í *Völuspá*, kvæði sem á rætur sínar í norrænni heiðni, kemur fram að á fyrsta fundi guðanna í 6. erindi kvæðisins (Gísli Sigurðsson, 1998) hafi verið komið reglu á óreiðu heimsins með því að stilla gang himintungla, Sólar, stjarna og Mána, þannig að hægt væri að skipta sólarhringnum niður og fylgjast með tímanum.

Þessi elstu fræði mannkynsins eru ekki lengur hluti af almennri menntun Vesturlandabúa, hvað þá háskólamenntun þeirra sem fást við forna texta: Að skilja hvernig heimurinn lítur út með berum augum út frá sjónarhorni þess sem stendur báðum fótum á Jörðinni og sér sólina koma upp í austri og setjast í vestri. Sennilega hefur þetta rof í miðlun og varðveislu þekkingar orðið smám saman; hér í Norðurálfu fyrst með trúskiptum og ritmenningu sem færði mönnum þekkingu á klassískri stjörnufræði á bókum og síðan með útbreiðslu hinnar viðurkenndu heimsmyndar vísindanna sem horfir á stóru myndina utan úr himingeimnum frekar en með jarðneskum augum. Við vitum að skýringar fornanna á því sem þeir sáu fyrir ofan sig eru ekki „réttar“. Það eiga sér til dæmis engir tólf guðir bústaði á himni eins og okkur er sagt í *Grímnismálum* (Gísli Sigurðsson, 1998) – hvað þá tólf postular eins og Julius Schiller reyndi að koma á framfæri í *Coelum Stellatum Christianum* árið 1627 með aðstoð færustu stjörnufræðinga: Tycho Brahe, Johannes Bayer og Johannes Kepler (sbr. Snyder, 1984), til að útryðja þeim útbreiddu hugmyndum að himinhvolfið væri þéttsetið heiðnum goðmögnum úr klassískri goðafræði. Sólin er ekki heldur dregin áfram í vagni, né hundelt og umkringd af úlfum; regnboginn kemur vegna ljósbrots í rigningu en er ekki brú guða milli himins og jarðar; og Vetrarbrautin er mikil stjörnuþyrping sem okkar sólkerfi er hluti af, en hvorki áin Níl við hlið píramídanna sem endurskapa stjörnur Óríon-merkisins í sömu afstöðu til Nílar og stjörnur merkisins hafa til Vetrarbrautarinnar (sbr. Bauval og Gilbert, 1995) né einhvers konar mæniás sem ber himininn uppi – þó að svo gæti virst þegar horft er til Vetrarbrautarinnar á norðurslód á heiðskíru kvöldi fjarri raflýsingu borganna. Og þó að í *Snorra Eddu* sé talað um að heimstréð askur Yggdrasils sé á himninum (sbr. hér á eftir) þá dettur fáum í hug að taka það bókstaflega því að við vitum að þar eru engin tré. Tilraunir flestra fræðimanna til að skilja heimsmynd *Snorra Eddu* hafa miðast við að búa til ævintýraheim (sbr.

Bæksted, 1986), án þess að tengja hann við þá veröld sem við búum í og blasir við allra augum um leið og ljósin eru slökkt.

Á síðustu áratugum hefur vaknað sú spurning hvort ekki hafi myndast alvarleg eyða í hina uppsöfnuðu þekkingu Vesturlandabúa - eyða sem valdi því að nútímafræðimenn botni lítið sem ekkert í þeim fornu textum sem voru skrifaðir af fólki sem hafði þekkinguna enn á hraðbergi. Áhugi á stjörnufræðiþekkingu fornmannanna kviknaði á 7. og 8. áratug síðustu aldar í tengslum við kenningar um reista steina og steinaraðir af því tagi sem flestir þekka frá Stonehenge á Englandi. Fyrsta ráðstefnan um það sem kallað var *archaeoastronomy* var haldin í Oxford árið 1981 og tveimur árum síðar, í september 1983, héldu Center of Archaeoastronomy og National Air and Space Museum fyrstu alþjóðlegu ráðstefnuna um *ethnoastronomy* í Smithsonian-stofnuninni í Bandaríkjunum. Í kjölfarið hafa fylgt fleiri ráðstefnur og útgáfur sem leiddu til þess að prófessorsstaða var stofnuð í archaeoastronomy við háskólann í Leicester árið 2000 (sbr. Champion, 2004). Valdir fyrirlestrar frá fyrstu ráðstefnunni í Smithsonian komu ekki út fyrr en árið 2005 undir heitinu *Songs From the Sky: Indigenous Astronomical and Cosmological Traditions of the World* (Chamberlain, Carlson og Young, 2005) en árangur ráðstefnunnar var þegar orðinn sýnilegur með bókinni *Astronomy across Cultures: The History of Non-Western Astronomy* sem kom út árið 2000 (Selin, 2000; sjá einnig Thompson, 2001-2009). Á fyrstu ráðstefnunni í Smithsonian var Björn Jónsson læknir í Swan River í Kanada meðal fyrirlesara en hann hafði veturinn áður kynnt rannsóknir sínar og vægast sagt mjög nýstárlegar kenningar með fyrirlestraröð í stjörnuhveli Manitóbaháskóla, í boði Haralds Bessasonar prófessors þar. Nokkru síðar sendi Björn frá sér bókina *Stjarnvísi í Eddum* (1989) sem hann þýddi síðan á ensku sem *Star Myths of the Vikings* (1994?). Meginhugmynd Björns var sú að norrænar godsögur væru, líkt og komið hefur æ betur í ljós síðar að godsögur þjóða heims eru yfirleitt, lýsingar á fyrirbærum sem sæjust og hefðu sést með berum augum á himinhvolfinu. Heimsmyndin væri lýsing á stjarnhimninum, með tungutaki godsagnanna, og sjálft heimstréð, með limar sem „standa yfir himni“ (Heimir Pálsson, 1988, bls. 29), væri godsöguleg sýn á Vetrarbrautina. Samkvæmt þeirri sýn lýstu einstakar sögur ferðum reikistjarnanna úr einu stjörnumerkinu í annað þar sem víða mætti greina helstu persónur, atburði og bústaði goða og vætta í stjörnerkjunum. Björn byggði hugmynd sína meðal annars á sams konar kenningu um godsögur almennt sem kom fram í bókinni *Hamlet's Mill* eftir Giorgio Santillana og Hertha von Dechend árið 1969 (uppfærð og umrituð á þýsku af von Dechend, 1994) og rannsóknum Einars Pálssonar

(1978) sem hafði áður sett fram skýringu sína á því að hinir tólf bústaðir goðanna í *Grímnismálum* samsvöruðu húsum dýrhringsins.

Kenningar, hugmyndir og rannsóknir Björns og áhrifavalda hans fara mjög víða og ekki er auðhlaupið að því að sannreyna hvort þær geti átt við norrænar godsögur. Mér eru aðeins kunnar þrjár tilraunir úr akademísku umhverfi þar sem höfundar hafa glímt við og notað kenningarnar í bók Björns. Hún fékk lofsamlegan en jafnframt gagnrýninn ritdóm Ed Krupp (1997) í *Journal for the History of Astronomy*, tveimur árum eftir að Björn lést. Árið 2002 flutti James Ogier fyrirlestur á miðaldaráðstefnunni í Kalamazoo um „Eddic Constellations“ og Andres Kuperjanov, þjóðfræðingur í Eistlandi, hefur notað hugmynd Björns um heimstréð og Vetrarbrautina í tengslum við rannsóknir sínar. Kuperjanov þykir hugmyndin svo sjálfsögð að hann vitnar til hennar með þessum orðum: „Bjorn Jonsson has started with interpreting constellations in the Milky Way area, which owing to its peculiarity can be used as a key. The Milky Way represents, of course, the world tree Yggdrasil“ (2006, bls. 56).

Ogier færði fram ýmis almenn rök fyrir því að rannsóknir á godsögnum með hliðsjón af himinhvolfinu gætu reynst árangursríkar. Hann benti á túlkun Lindu Schele (sbr. Freidel, Schele, og Parker, 1993) á heimstré Maya-indjána sem Vetrarbrautinni, tók fram samsvörun norrænna dagaheita við hin klassísku goð sem jafnframt reika um stjarnhimininn, og ekki síst benti hann á myndina af heimstré norrænnar goðafræði, aski Yggdrasils, í 17. aldar handritinu AM 738 4to (prentuð er hjá Jónasi Kristjánssyni, 1993). Ogier telur að sá sem gerði myndina hafi enn þekkt hina stjarnfræðilegu túlkun heimsmyndar goðafræðinnar og tjáð hana í mynd sinni. Þá hreifst Ogier af rökum Björns um að lýsingu 10. erindis *Grímnismála* á því hvar dyr Valhallar sé að finna (þ.e. „Mjög er auðkennt / þeim er til Óðins koma / salkynni að sjá: / Vargur hangir / fyr vestan dyr / og drúpir örn yfir.“ (Gísli Sigurðsson, 1998, bls. 72)) megi helst skilja svo að þar sé átt við stjörnumerkin Örninn (*Aquila*) og Úlfinn (*Lupus* – sem sést þó ekki frá Íslandi, sbr. Stjörnufræðivefurinn, e.d.-a) en á milli þeirra er Naðurvaldi (*Ophiucus*, stundum kallaður *Þrettánda stjörnumerkið* því hann er á sólbaugnum án þess þó að teljast með tólf merkjum dýrhringsins) sem hæglega má túlka sem dyr (sbr. Stjörnufræðivefurinn, e.d.-b). Nokkru seinna í *Grímnismálum* (24. er.) er talinn fjöldi dyra og einherja í Valhöll og fellur sú tölfraði vel að fornri tölfraði úr Babýlóníu og Rig Veda á Indlandi (eins og margir hafa bent á) sem Ogier þykir staðfesta „the poet of the Edda as knowledgeable in astronomical lore and the Edda itself as part of an ancient astronomic tradition“ (Ogier, 2002, bls. 6).

Tengsl grísk-rómverskra goðsagna við himinhvolfið eru öllum ljós (sbr. McDonald, 1996; Condos, 1997), þó ekki væri nema af reikistjörnunum sem bera nöfn goðanna líkt og vikudagarnir – í rómönskum málum nöfn guða Rómverja en í germönskum málum nöfn hinna heiðnu norrænu goðmagna (Sunna, Máni, Týr, Óðinn, Þór, Freyr). Erfiðara er að staðfesta með beinum hætti að tenging goðsagna og stjarnhimins hafi verið lifandi þekking í hugum Norður-Evrópumanna þegar komið var fram á miðaldir. Á dögum Karla-magnúsar í Norður-Frakklandi þekktu menn þó vel til þess að í fornöld hafði himinhvolfið verið vettvangur goðsagna eins og sjá má af handriti sem þá var skrifað upp og lýst með litmyndum af stjörnumerkjum eftir klassísku forriti með kvæði Germanicusar Caesars sem hann hafði ort eftir *Phainomena* Aratos frá Soloi og byggði á þeirri meginhugmynd að goðsögur lýstu fyrirbærum á stjarnhimninum (sbr. Bischoff, Eastwood, Klein, Mutherich og Obbema, 1987/89; Dolan, 2007).

Samanburður við þá stjörnufræði frá ýmsum menningarsvæðum utan Evrópu sem nú hefur verið dregin fram í dagsljósið (sbr. Chamberlain o.fl., 2005; Selin, 2000 hér að framan) gerir það sennilegt að norrænar goðsögur séu í grundvallaratriðum líkar öðrum goðsögum í veröldinni að því leyti að þær skírskoti meðal annars til himinhvolfsins. Vandinn felst í að finna heimildir til að staðfesta þá hugmynd og síðan að móta einhvern skilning á því hvernig möguleg stjarnvísi hefur áhrif á túlkun á goðafræðinni eins og hún er sett fram í Eddunum.

Í *Snorra Eddu* og *Grímnismálum* er hvað eftir annað talað um að þau fyrirbæri sem lýst er séu á himni eins og Björn Jónsson bendir á strax í Bókarkynningu: „Í Gylfaginningu eru t.d. beinar tilvísanir af þessu tagi, s.s. ‘á himni’, ‘himnar’, sól, tungl. stjörnur, himintungl alls 82svar sinnum á 96 blaðsíðum í útgáfu Guðna Jónssonar, eða að heita má á hverri síðu“ (1989, bls. 12). Segja má að ekki þurfi annað en að taka orð textans bókstaflega til að íhuga himininn við lesturinn. Slíkur skilningur ætti frekar að styrkjast af meginumgjörð Gylfaginningar þar sem hinn jarðneski konungur Gylfi gengur á fund ásanna. Þeir gera honum sjónhverfingar (sbr. 2. kafla Gylfaginningar) eða ginna hann þannig að það sem Gylfi (eða Gangleri eins og hann kys að nefna sig) sér með berum augum breytist fyrir tilverknað sagnanna og útskýringa ásanna á fyrirbærum himinsins. Undir lokin heyrir Gangleri dyni mikla og skyndilega er allt horfið sem honum sýndist vera höll og borg og það sem Hár, Jafnhár og Þriðji höfðu teiknað upp fyrir honum með sögum sínum. Hann stendur aftur úti á sléttum velli, í veröldinni eins og hún virðist vera án sjónhverfinga goðafræðinnar. Tilvísanir Gylfaginningar til himinsins hafa ekki verið teknar bókstaflega af fræðimönnum og líklega verið skildar í

óeiginlegri merkingu líkt og þegar hinn kristni Guð er sagður búa á himnum. En hvað nú ef textinn er tekinn alvarlega og sjónum lyft til hins raunverulega himins með texta Gylfaginningar við höndina?

Yfirlætislaus skýring í *Djódögum* Jóns Árnasonar gæti verið sú staðfesting sem þarf til að fullyrða megi að fólk á Íslandi hafi talað um raunveruleg og sýnileg fyrirbæri á himninum með orðfæri godsagnanna allt fram á 19. öld. Í 4. grein 4. flokks svokallaðra Náttúrusagna í 1. bindinu af *Íslenzkum þjóðögum og Æfintýrum* (1862) stendur á bls. 658-9 undir fyri sögninni „Loptsjónir og Túnglsögur“: „Hjásólir eða aukasólir, það eru ljósdílar í kríngum sólina, eru ekki sjaldséna á Suðurlandi. Ef tvær hjásólir sjást í einu, sín hvoru megin sólarinnar, önnur á undan sól, en hin á eptir, er það kallað, að ‘sólin sé í úlfakreppu,’ eða að ‘það fari bæði á undan og eptir sól,’ og er hvorttveggja orðatiltækið dregið af úlfunum Sköll, sem átti að gleipa sólina og Hata, sem átti að taka tunglið. Stundum er þetta kallað ‘gílaferð,’ og hjásólin, sem fer á undan sól ‘gill.’ Hann þykir ílls viti með veður, ef ekki fer einnig á eptir sólu, en sú hjásól er enn kölluð úlfur, og er þaðan dreginn talshátturinn: ‘Sjaldan er gill fyrir góðu, nema úlfur á eptir renni.’“ Neðanmáls vísar Jón sjálfur í 12. kafla Gylfaginningar *Snorra Eddu* og 39. er. *Grimnismála* til skýringar á þessum úlfum.

Í *Eddu* Snorra segir um þessa úlfa: „Þá mælti Gangleri: ‘Skjótt fer sólin og nær svo sem hún sé hrædd, og eigi mundi hún þá meir hvata göngunni að hún hræddist bana sinn.’ Þá svarar Hár: ‘Eigi er það undarlegt að hún fari ákaflega. Nær gengur sá er hana sækir, og engan útveg á hún nema renna undan.’ Þá mælti Gangleri: ‘Hver er sá er henni gerir þann ómaka?’ Hár segir: ‘Það eru tveir úlfar, og heitir sá er eftir henni fer Skoll. Hann hræðist hún og hann mun taka hana. En sá heitir Hati Hróðvitnisson er fyrir henni hleypur og vill hann taka tunglið, og svo mun verða’“ (Heimir Pálsson, 1988, bls. 24-25). Ef ekki væri fyrir kaflann í *Djódögum* Jóns Árnasonar myndi engum detta í hug að hér væri verið að lýsa þeim hjásólum sem stundum sjást hvor sínu megin við sólina á rosabaugnum sem umlykur hana við þær aðstæður. Sama má segja um rosabauginn í kringum Tunglið sem Björn (1989) telur að átt sé við í næsta kafla á undan í *Eddu* þar sem talað er um að Bil og Hjúki beri „á öxlum sér sá er heitir Sægur, en stöngin Símul. Viðfinnur er nefndur faðir þeirra. Þessi börn fylgja Mána, svo sem sjá má af jörðu“ (Heimir Pálsson 1988, bls. 24). Stöngina telur Björn vera þá ljósörnd sem liggur á milli hjátunglanna á rosabaugnum um tunglið – og sárin sem Bil og Hjúki bera á stönginni er þá tunglið sjálft. Þessa tengingu hafði Richard Allen (1899) áður bent á og líkt við Jack og Jill sem enskumælandi fólk þekkir af barnagelunni: „Jack and Jill went up the hill / to fetch a pail of water, / Jack fell down and

broke his crown / and Jill came tumbling after.“ Björn segir að vísan sé „nákvæm lýsing á upplausn rosabaugs“ (1989, bls. 111) eins og hún blasi við með berum augum.

Orðfærið hjá Jóni Árnasyni um hjásólinnar á rosabaugnum umhverfis sólu er varla hægt að meta öðruvísi en sem heimild um samfellda hefð frá fornu fari þar sem norræn godafræði er notuð til að lýsa raunverulegum fyrirbærum á himni. Væri sú ekki raunin yrðum við að álykta sem svo að Jón Árnason eða einhver annar/önnur á undan honum hafi komið með þessa sjálfstæðu skýringu á godafræðinni – og þannig verið langt á undan Richard Allen og Birni Jónssyni að setja fram þá kenningu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Af þessum tveimur möguleikum er sá fyrri miklu líklegri, svo ekki sé meira sagt. Og ekki verður séð að aðrir komi til greina.

Þessi niðurstaða hefur víðtæk áhrif á allan skilning á norrænni godafræði. Þó að hér sé aðeins eitt naglhold að finna er það þó svo traust að ekki verður með góðu móti efast um að sama eigi við um fleira í godafræðinni. Að því sögðu er ekki hlaupið að því að finna lykilinn að slíkri túlkun í einstökum atriðum. Sjálf hugmyndin breytir engu að síður nálguninni í veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi getur hugmyndin skýrt hvernig var hægt öldum saman, á stóru menningarsvæði, að halda utan um hið margbrotna kerfi sem godsögurnar og heimsmynd þeirra endurspeglar – og sem líkist um margt godsögum annarra indóevrópskra þjóða. „Handritið“, ef svo má segja, var alltaf á himninum og hélt því hugmyndunum og sögunum við svo lengi sem ekki kom rof í samfellu hefðarinnar. Í munnlegri hefð er þó alltaf svigrúm til nýsköpunar og endurtúlkunar, enda dylst engum að godsögur gegna jafnframt hugmynda- og samfélagslegu hlutverki af mörgu tagi. Það er því varla um það að ræða að Snorri eða einhver hópur manna í kringum hann hafi búið til kerfi úr munnlegri óreiðu godsagna eða jafnvel verið að skálda upp sögur úr litlu efni – eins og gagnrýnir fræðimenn hafa stundum látið sér detta í hug (sbr. Gísli Sigurðsson, 2002). Það er heldur ekki líklegt að menn hafi tekið hugmyndina úr grísk-rómverskri godafræði og yfirfært hana á norræna godafræði – þó að einhver áhrif þar á milli séu vel möguleg. Tengsl godsagna heimsins við himinhvolfið eru svo sterk að það er óþarfi að stinga upp á því að norrænar godsögur hafi ekki verið hluti af slíku kerfi fyrr en það barst til Norðurláfu með bókmenningu frá Miðjarðarhafi. Kerfið hefur að líkindum verið komið á löngu fyrir daga Snorra. Líkt og með aðra skipulega þekkingu má gera ráð fyrir að heildarskilningur á kerfinu hafi aðeins verið á færi lærdómsfólks í munnlegum fræðum, svo sem skálda, lögspekinga og seiðmanna, jafnvel goða og nánustu samstarfsmanna þeirra.

Hugmyndin um stjarnfræðilega vídd goðsagna byltir og forsendum fyrir umræðum um það hvers vegna hinar „heiðnu“ goðsögur og hugmyndir hafi lifað svo lengi eftir opinbera kristnitöku. Sé himinhvolfið vettvangur goðsagnanna hafa þær verið jafn fastar í sessi og örnefni á fjallahringnum í kringum sveitirnar. Þær hafa ekki nema að hluta til gegnt trúarlegu hlutverki (í formi helgihalds eins og okkur er gjarnt að ímynda okkur). Sögurnar má lesa sem blátt áfram lýsingu á því sem fyrir augu ber á björtu vetrarkvöldi, nákvæmlega eins og Gylfaginning segir frá. Þar sem við sjáum ekki nema stjörnur og órætt hvítt belti yfir himninum má hleypa ímyndunaraflinu á flug og breyta því í goðmögn og bústaði vætta, góðra jafnt sem illra eftir því sem fjær og neðar dregur. Slík heimsmýnd hverfur ekki svo glatt úr hugum fólks við trúskipti, eins og sést best á því að stjörnukort fram á okkar daga hafa verið teiknuð með myndum úr hinni grísk-rómversku goðafræði (sbr. Snyder 1984) sem hefur orðið ráðandi á Vesturlöndum með útbreiðslu bókmenningar frá Miðjarðarhafi norður um Evrópu – ef frá er talin áðurnefnd tilraun Schillers og ýmissa fleiri sem hafa gengið mislangt í að „kristna“ himinhvolfið (sbr. Kuperjanov, 2006). Hin „heiðna“ heimsmýnd lifði góðu lífi löngu eftir að hún hafði glatað hinni trúarlegu skírskotun sinni, ef til vill vegna þess að þekking á klassískri goðfræði var menntamönnum nauðsyn til að skilja forna texta jafnt sem myndlist samtíðar sinnar, ekki ósvipað því að dróttkvæði hafa verið merkingarlaus fyrir fólki sem ekki þekkti til norrænnar goðafræði.

Jafnvel þótt grundvallarhugmyndin um stjarnvísi í eddum sé tekin góð og gild er eftir sem áður torsótt að rannsaka og komast að ótvíráðum niðurstöðum um hvernig hægt sé að láta kerfið ganga upp með himinhvolfið sem viðmið. Þar gegna tilgátur og kenningar þeirra Einars Pálssonar og Björns Jónssonar veigamiklu hlutverki en samanburður við rannsóknir á lifandi þekkingu fólks víða um heim á stjarnhimninum, þekkingu sem tjáð er með orðfæri goðsagna, ætti jafnframt að verða mikilsverður stuðningur á þeirri braut sem rannsóknir á norrænum goðsögnum geta nú sótt fram á. Og þó að brautin verði grýtt mun það létta fólki gönguna að með því að geta staðfest tenginguna á milli norrænna goðsagna og himinhvolfsins (sbr. *Þjóðsögur* Jóns Árnasonar) er hægt að hafna í heilu lagi flestum efasemdum og vangaveltum um hvort goðafræðin í *Snorra Eddu* byggir á fornri hefð eða lærðum uppspuna úr umhverfi Snorra Sturlusonar. Þá hefð sem *Snorra Edda* byggir á má líklega rekja eins langt aftur og hægt er að rekja skipulega hugsun manna um umhverfi sitt. Sú hefð hefur þá tekið breytingum, lagað sig að ólíkum tímum og hugmyndum í gegnum aldir og árþúsund en engu að síður haldið ákveðnum grundvallareinkennum – vegna þess að hún hefur alltaf

leitast við að skilja og útskýra sama himinhvolfið sem hefur haldið utan um hugmyndirnar á hverjum tíma. Hugmyndin um stjarnvísi í Eddum markar því nýjan upphafsreit fyrir rannsóknir á norrænni goðafræði, upphafsreit sem vandséð er hvernig hægt er að víkjast undan að stilla sér upp á öllu lengur.

Heimildir

- Bauval, R. og Gilbert, A. (1995). *The Orion mystery*. Reading: Mandarin.
- Bischoff, B., Eastwood, B., Klein, T. A. -P., Mutherich, F. og Obbema, P. F. J. (1987/1989). *Aratea. Nachbildung der Handschrift Ms. Voss. Lat. Q. 79 der Rijksuniversiteit Leiden*. Bd. 1 Faksimile. Bd. 2 Kommentar. Luzern: Faksimile Verlag Luzern.
- Björn Jónsson. (1989). *Stjarnvísi í Eddum*. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Björn Jónsson. (1994?). *Star myths of the Vikings*. Swan River, Manitoba: Höfundur.
- Bæksted, A. (1986). *Goð og hetjur í beiðnum síð* (Eysteinn Þorvaldsson íslenskaði). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Campion, N. (2004). Introduction: Cultural Astronomy. Í N. Campion, P. Curry og M. York (ritstjórar), *Astrology and the Academy* (bls. xv-xxx). Bristol: Cinnabar Books. Sótt 1. september 2009 af <http://www.nickcampion.com/Portals/3/Nicholas%20Campion,%20Cultural%20Astronomy.pdf>
- Chamberlain, D. V, Carlson, J. B. og Young, M. J. (ritstjórar). (2005). *Songs from the sky: Indigenous astronomical and cosmological traditions of the world*. University of Maryland, College Park. Center for Archaeoastronomy: Ocarina Books.
- Condos, T. (1997). *Star myths of the Greeks and Romans: A sourcebook*. Grand Rapids: Phanes Press.
- Dolan, M. (2007). *The role of illustrated Aratea Manuscripts in the transmission of astronomical knowledge in the Middle Ages*. Óbirt doktorsritgerð: University of Pittsburgh, School of Arts and Sciences. Sótt 10. September 2009 af <http://etd.library.pitt.edu/ETD/available/etd-11282007-141634/>
- Einar Pálsson. (1978). *Rammislagur*. Reykjavík: Mímir.
- Freidel, D., Schele, L. og Parker, J. (1993). *Maya cosmos: Three thousand years on the Shaman's Path*. New York: William Morrow and Company, Inc.
- Gísli Sigurðsson. (ritstjóri). (1998). „*Grimmismál*.“ *Eddukevæði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Gísli Sigurðsson. (2002). *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: Tilgáta um aðferð*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

- Heimir Pálsson. (ritstjóri). (1988). *Edda Snorra Sturlusonar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Hoskin, M. (ritstjóri). (1997). *The Cambridge illustrated history of astronomy*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Stjörnufræðivefurinn. (e.d.-a). *Nadurvaldi: Þrettánda stjörnumerki dýrabringsins*. Sótt 3. september 2009 af <http://www.stjornuskodun.is/nadurvaldi>
- Stjörnufræðivefurinn. (e.d.-b). *Stjörnumerkin*. Sótt 3. september 2009 af <http://www.stjornuskodun.is/stjornumerkin>, sótt 3. september 2009.
- Íslenzkar þjóðsögur og Æfintýri*. (1862). Fyrsta bindi. Safnað hefir Jón Árnason. Leipzig: Að forlagi J. C. Hinrichs's bókaverzlunar.
- Jónas Kristjánsson. (1993). *Handritaspegill*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Krupp, E. (1997). Myths and their interpretation. *Journal for the history of astronomy*, 28(4), 353-354.
- Kuperjanov, A. (2006). „Pseudomythological constellation maps.“ *Folklore: Electronic Journal of Folklore*, 32, 37-62. Sótt 1. september 2009 af <http://www.folklore.ee/Folklore/vol32/cps.pdf>
- McDonald, M. (1996). *Star myths: Tales of the constellations*. New York: Michael Friedman Publishing Group, Inc.
- Ogier, J. (2002). „*Eddic constellations*“. International Medieval Congress, Western Michigan University, Kalamazoo MI, May 3. Sótt 1. september 2009 af <http://www.roanoke.edu/forlang/ogier/EddicConstellations.htm>
- Santillana, G. de og Dechend, H. von. (1994). *Die mühle des Hamlet: Ein essay über mythos und das gerüst der zeit* (2. útgáfa aukin, þýsk þýðing á *Hamlet's Mill: An Essay on Myth and the Frame of Time*. Boston: Gambit 1969). Wien og, New York: Springer-Verlag.
- Selin, H. (ritstjóri). (2000). *Astronomy across cultures: The history of Non-Western astronomy*. Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Snyder, G. S. (1984). *Maps of the heavens*. New York: Abbeville Press.
- Thompson, G. D. (2001-2009). *An annotated bibliography of studies of the occidental constellations and star names to the classical period*. Sótt 9. september 2009 af <http://members.westnet.com.au/Gary-David-Thompson/page5.html#Mythology,%20Symbolism,%20and%20Religion>
- Þorsteinn Vilhjálmsson. (1986). *Heimsmynd á hverfanda hveli I*. Reykjavík: Mál og menning.
- Þorsteinn Vilhjálmsson. (1987). *Heimsmynd á hverfanda hveli II*. Reykjavík: Mál og menning.